# Skólanámskrá

# Salaskóla



# Efnisyfirlit


**Inngangur** **4**
**Um Salaskóla** **4**
Upphaf og stofnun 5
Teymisvinna og þróun kennsluhátta 5
Umhverfismál og nýjungar í skólastarfi 6
Skólaþróun - Þróunarverkefni 6
Alþjóðastarf Salaskóla 11
**Stefna og fagleg nálgun Salaskóla** **12**
Gildi Salaskóla 13
Grunnþættir menntunar í Salaskóla 13
Læsi 14
Lýðræði og mannréttindi 14
Jafnrétti 14
Sjálfbærni 14
Heilbrigði og velferð 14
Sköpun 15
Áhersluþættir samkvæmt grunnskólalögum 15
Lýðræði og mannréttindi 15
Jafnrétti til náms 15
Sköpun, gagnrýnin hugsun og sjálfstæð vinnubrögð 15
Sjálfbærni og virðing fyrir náttúru 16
Heilbrigði og vellíðan 16
Upplýsingatækni og stafrænt læsi 16
Samvinna heimila og skóla 16
Kennsluhættir og áherslur í námi og kennslu 16
Lestur, ritun og orðaforði 17
Sköpun, náttúra og samfélag 18
Heilsuefling og vellíðan 18
Lýðræði og þátttaka 18
Tækni í námi 19
Uppeldi til ábyrgðar 19
Heilsueflandi grunnskóli 20
UNESCO-skóli 20
Stoðkerfi Salaskóla 21
Sérkennsla og námsstuðningur 21
Sérdeild og íslenska sem annað tungumál 22
Námsáætlanir árganga 22
**Námsmat og vitnisburðarkerfi** **23**
**Innra mat og umbótastarf** **24**
Umbótaáætlun 24

Ferli umbótastarfs 25
Matsteymi 26
**Samstarf heimilis og skóla 26**
Hlutverk grunnskóla 28
Hlutverk umsjónarkennara 29
Tölvupóstur 29
Símar og samskipti 30
Samfélagsmiðlar 30
Skrifstofa og heimsóknir foreldra/forráðamanna 30
Hlutverk foreldrafélags Salaskóla og bekkjarfulltrúa 31
Hlutverk skólaráðs 32
**Samstarf leikskóla og framhaldsskóla 32**
**Skólabragur og skólareglur 32**
Skólabragur 33
Skólareglur 33
Helstu atriði skólareglna: 34
Viðbrögð við brotum á skólareglum 34
Síma- og spjaldtölvunotkun 35
Reglur í matartíma 36
Punktakerfi í 8.–10. bekk 37
**Áætlanir 37**
Móttökuáætlun 38
Forvarnaráætlun 38
Eineltisáætlun 38
Rýmingaráætlun 39
Viðbragðsáætlun vegna óveðurs 39
Viðbragðsáætlanir vegna válegra atvika 39
Jafnréttis- og mannréttindaáætlun 40
Áfallaáætlun 40

# Inngangur

Skólanámskrá Salaskóla byggir á lögum, reglugerðum, aðalnámskrá grunnskóla, skólastefnu Kópavogsbæjar, heimsmarkmiðum og barnasáttmála Sameinuðu þjóðanna. Hún leitast við að laga opinber fyrirmæli að sérstöðu skólans og þeim staðbundnu áherslum sem hér er að finna ásamt því að gera grein fyrir hvernig þær eru nýttar til að efla nám og kennslu. Í skólanámskrá Salaskóla má finna nánari útfærslu á aðalnámskrá grunnskóla sem og allar upplýsingar og áætlanir sem snerta skólastarfið og framkvæmd þess. Allar áætlanir má einnig finna á heimasíðu skólans.

# Um Salaskóla

Salaskóli tók til starfa í sumarlok 2001. Skólinn er í Salahverfi, í Leirdal, sem liggur norðan við Rjúpnahæð í Kópavogi. Á fyrsta skólaári voru nemendur 76 í 1. - 4. bekk og 16 starfsmenn, þar af níu kennarar. Árið eftir var 5. - 7. bekk bætt við og síðan óx skólinn upp í heildstæðan skóla með allt að 600 nemendum. Síðustu ár hefur nemendum við skólann fækkað og voru nemendur í 1. - 10. bekk t.a.m. 525 skólaárið 2024-2025 og starfsfólk um 100 talsins.

Skólahúsnæði er ágætt og rúmar starfsemina nokkuð vel þó helst þurfi rými fyrir smærri hópa og minni námsver. Skólinn er ágætlega búinn kennslugögnum og tækjum. Við hlið skólans er íþróttamiðstöðin Versalir og þar eru íþróttasalir og sundlaugar sem skólinn hefur afnot af. Þrjár lausar kennslustofur eru á lóð skólans en þær eru nýttar fyrir frístund skólans.

Umhverfi skólans er fjölbreytt og gefur ágæta möguleika til kennslu. Skammt frá skólanum eru þekkt útivistarsvæði, svo sem Elliðavatn og Vífilsstaðavatn og í næsta nágrenni skólans eru göngustígar og gróin svæði sem og kirkja og kirkjugarður og golfvöllur. Skólalóðin er hönnuð m.a. með tilliti til útikennslu og hún hefur verið endurbætt mikið á síðustu árum. Hún er fjölbreytt, með völlum og leiktækjum. Skammt frá skólanum er útikennslustofan Rjúpnalundur.

Salaskóli hefur á að skipa fjölbreyttum hópi starfsfólks og mikill stöðugleiki hefur verið í starfshópnum. Að námi og kennslu nemenda koma mismunandi fagstéttir, s.s. kennarar af ýmsu tagi, þroskaþjálfar, félagsráðgjafar o.fl. Þá er fjölbreytt flóra þeirra

starfsmanna sem vinna önnur störf sem sum krefjast sérstakrar menntunar en önnur ekki.

## Upphaf og stofnun

Salaskóli var stofnaður í anda þeirra skólaumbóta og nýsköpunar sem áttu sér stað í íslensku samfélagi um aldamótin. Skólinn lagði frá upphafi áherslu á einstaklingsmiðað nám, fjölbreyttar kennsluaðferðir og teymisvinnu kennara. Þegar skólinn tók til starfa var lagður sá grunnur að hugmyndafræði sem skólinn hefur starfað eftir allar götur síðan. Strax í upphafi var sótt í fjölgreindarkenningu Howards Gardners og hún hefur alla tíð verið kjölfestan í hugmyndafræði skólans. Þar skipa framsækni og skólaþróun veglegan sess og nemendur og hagsmunir þeirra ávallt í fyrsta sæti. Skólinn hefur lagt áherslu á að byggja á sterkum hliðum sérhvers nemanda og að allir eiga að fá frelsi til að njóta sín sem einstaklingur sem og í hóp. Umhverfismál, jafnréttismál, heilsuefling og gott samstarf foreldra og skóla hafa vegið þungt í skólastarfinu og þannig hefur tekist að festa hugmyndafræðina í sessi og gera hana að hryggjarstykki í menningu skólans. Starfsfólk skólans hefur í gegnum tíðina unnið saman að stefnumótun skólans og rætt fagleg málefni bæði á fundum og óformlegum kaffistofusamræðum. Foreldrar voru einnig ávallt hvattir til að leggja sitt af mörkunum til skólaþróunar.

## Teymisvinna og þróun kennsluhátta

Frá upphafi hefur verið lögð áhersla á teymiskennslu og öflugt samstarf kennara. Meginmarkmið var að skapa fjölbreytt námsumhverfi og nýta fjölbreytta kennsluhætti. Í upphafi voru bekkjardeildir aldursblandaðar, þar sem áherslan var frekar lögð á þroska og áhuga nemenda en lífaldur þeirra. Á sjötta starfsári skólans var hins vegar ákveðið að hverfa frá aldursblandaðri samkennslu þar sem gagnrýni foreldra sem og kennara var á þá leið að erfiðara væri að sinna nemendum með þessum hætti, þá sérstaklega á yngsta stigi. Í kjölfarið þróaðist starfið í átt að þemavinnu þvert á aldursstig og innan hvers árgangs.

Teymisvinna hefur verið hornsteinn í skólastarfinu frá upphafi. Kennarar og annað starfsfólk hefur unnið saman að sameiginlegum markmiðum t.d. við skipulagningu náms, þróun stefnu og lausn verkefna. Ávallt hefur verið lögð áhersla á faglega umræðu í kennarateymum sem og á kennarafundum sem oft hafa verið

umræðufundir með kaffihúsa fyrirkomulagi. Þar hefur starfið verið rýnt til hlítar með framtíðarsýn að leiðarljósi. Þessi nálgun tryggir að allir fái tækifæri til að hafa áhrif á mótun skólastarfsins og að stefna skólans verði lifandi samvinnuverkefni.

Fræðsla og endurmenntun eru jafnframt mikilvægir þættir í skólaþróun. Skólinn hefur í gegnum tíðina boðið upp á fjölbreytt námskeið og fengið sérfræðinga til að miðla þekkingu, kynna rannsóknir og styðja kennara í faglegri þróun og nýjungum.

## Umhverfismál og nýjungar í skólastarfi

Frá upphafi hefur verið lögð áhersla á umhverfismál og var sorp flokkað, sem var óvenjulegt á þessum tíma. Skólinn innleiddi einnig rafræna samskiptaleið og voru foreldrar upplýstir með tölvupósti í stað pappírsskilaboða. Það þótti nýstárlegt, enda höfðu ekki öll heimili nettengingu, en í nýbyggðu skólahverfi Salaskóla reyndust flest heimili tengd, sem gerði þetta mögulegt. Ávallt hefur verið lögð rík áhersla á gott samstarf við foreldra og því mikilvægt að halda þeim vel upplýstum sem hefur í gegnum tíðina verið gert m.a. með vinnufundum, fréttabréfum, samfélagsmiðlum, tölvupóstsamskiptum og virkri heimasíðu.

Farið var af stað með skriflegt námsmat með áherslu á jákvæðni og hvatningu. Lögð var rækt við að draga fram styrkleika hvers nemanda, ekki aðeins í námi heldur einnig í samskiptum, áhugamálum og daglegu lífi. Enn í dag fá útskriftarnemendur í 10. bekk slíkt námsmat, sem lesið er upp fyrir hvern og einn í sjálfri útskriftinni. Þar er dregin upp jákvæð og hvetjandi mynd sem byggir á einstaklingsbundnum styrkleikum og áhugasviði hvers og eins.

## Skólaþróun - Þróunarverkefni

Skólaþróun er mikilvægur hluti af menningu skólans. Á hverju ári er unnið að skólaþróun og umbótum í Salaskóla. Í gegnum tíðina hefur Salaskóli unnið fjölbreytt þróunarverkefni og fengið til þess styrki úr ýmsum sjóðum til að styðja við þróunarstarf innan skólans og samstarf við aðra skóla. Fjölmörg góð verkefni hafa verið sett af stað í skólanum sem sum hafa verið tekin upp af öðrum skólum. Þar má t.d. nefna fjölgreindaleika, morgunkaffi stjórnenda með foreldrum, daglegir standandi fundir o.fl. Þá hefur skólinn unnið fjölmörg þróunarverkefni m.a. á sviði umhverfismála, notkun snjalltækja í námi og kennslu, fjármálafræðslu, þemavinnu í kennslu, brottfalls nemenda úr skóla, nýsköpunar, aldursblöndunar svo eitthvað sé

nefnt. Í skólanum hefur skákkennsla skipað veglegan sess og margir nemendur náð þar góðum árangri. Eins og gengur þá slá sum verkefni í gegn en önnur ekki. Þau verkefni sem hafa virkað vel í Salaskóla hafa sett sinn svip á skólastarfið.

Við fjölgun nemenda strax á öðru starfsári skólans var ekki sjálfgefið að það sem gekk vel á fyrsta ári með fámennan hóp myndi reynast jafn árangursríkt með fleiri nemendum. Til að mæta þeirri áskorun var sótt um styrk úr Þróunarsjóði grunnskóla. Verkefnið Nýr skóli á nýrri öld hlaut styrk og var markmiðið að byggja ofan á það sem þegar hafði verið innleitt á fyrsta skólaárinu og þróa ný verkefni til að mæta fjölbreyttum þörfum nemenda enn frekar. Afsprengi verkefnisins voru m.a. smiðjurnar í list- og verkgreinum sem lifa enn góðu lífi. Ákveðið var að kenna list- og verkgreinar, ásamt fleiri námsgreinum, með skipulagi sem nefndist smiðjur. Í hverri smiðju voru að hámarki 12 nemendur úr tveimur til þremur árgöngum. Hver smiðja stóð yfir í um tvær kennslustundir, tvisvar til þrisvar í viku í sex vikur, eftir það skiptu nemendur um smiðju og gátu jafnframt valið sér smiðjur. Í dag eru smiðjurnar kenndar eftir árgöngum tvisvar í viku í 2.-9. bekk og fer það eftir fjölda nemenda í árganginum hversu langar loturnar eru.

Hugmyndin um fjölgreindaleika kviknaði árið 2002 í tengslum við þróunarverkefnið Nýr skóli á nýrri öld. Fyrstu leikarnir haldnir árið 2003 og hafa verið fastur liður síðan við miklar vinsældir bæði nemenda sem og starfsfólks. Fjölgreindaleikar Salaskóla eru orðnir að einum mikilvægasta viðburður skólaársins. Það voru kennarar við skólann sem áttu hugmyndina að leikunum og síðan hafa þeir breiðst út til fjölda skóla á Íslandi. Markmiðið með leikunum er að vinna að góðum skólabrag með því að nemendur á ólíkum aldri vinna saman að lausn verkefna sem reyna á allar greindir mannskepnunnar. Leikarnir eru jafnframt keppni milli hópa í samvinnu og félagsanda. Þar reynir ekki síst á leiðtoga hvers hóps, en það eru nemendur úr elstu bekkjum skólans. Þá daga sem leikarnir standa yfir ríkir einstök gleði í skólanum og til að ýta enn frekar undir hana mætir starfsfólk í furðufötum. Hægt er að fræðast nánar um Fjölgreindaleika Salaskóla í kynningarbæklingi um leikana eða í kynningarmyndbandi sem unnið var af starfsfólki skólans.

Skólinn fékk styrk úr Sprotasjóði fyrir verkefnið Þemavinna í 7.-10. bekk skólaárið 2010-2011. Þemavinna var sett í stundatöflu þar sem unnið var að stærri þverfaglegum verkefnum þvert á árganga. Þemavinna hefur allar götur síðan átt

fastan sess í skólastarfinu þó með mismunandi sniði. Í dag er unnið með samþætt verkefni í öllum árgöngum elsta stigs í tímum er kallaðir eru Flug sem eru í tvær sextíu mínútna kennslustundir tvisvar í viku. Árið 2023 var auk þess bætt við samþættu þemaverkefni sem í raun var nokkurs konar lokaverkefni í 8. bekk þar sem foreldrum var boðið í heimsókn þar sem verkefnin voru kynnt. Lokaverkefnið heppnaðist svo vel að ákveðið var að útvíkka það á alla árganga elsta stigsins sem gerði stormandi lukku meðal nemenda, kennara og foreldra. Á miðstigi eru unnin samþætt þemaverkefni í tímum sem nefnast Oddaflug

Á árinu 2012 hóf skólinn samstarf við Háskólann á Akureyri um námskeið í Byrjendalæsi og ,,Orð af orði". Byrjendalæsi byggir á hugmyndafræði hugsmíðahyggju og náms án aðgreiningar, þar sem lögð er áhersla á að börn læri best í samvinnu við jafningja. Með stigskiptum stuðningi og aðlögun að námi geta kennarar betur mætt ólíkum þörfum og áhugasviðum nemenda. Byrjendalæsi hefur fest sig í sessi og fara sérfræðingar á yngsta stigi skólans sækja reglulega á námskeið í Byrjendalæsi til Akureyrar sem lið í endurmenntun.

Sprotasjóður styrkti þróunarverkefnið Rafrænn skóli - nútímaskóli skólaárið 2012-2013. Megintilgangur þróunarverkefnisins í Salaskóla var að koma betur á til móts við hin ýmsu markmið í námi og kennslu með því að taka upp notkun á spjaldtölvum og öðrum rafrænum verkfærum þeim tengdum.

Verkefnið Nýtum það sem til er og vinnum saman hvar sem er kom í rökréttu framhaldi af verkefninu Rafrænn skóli - nútímaskóli og var styrkt af Sprotasjóði árið 2014-2015. Verkefnið fól í sér að nemendur unglingadeildar gætu notað eigin snjalltæki í námi, þar á meðal síma, spjaldtölvur og fartölvur. Megintilgangur þróunarverkefnisins var að gera námsveruleika nemenda betri og nám þeirra fjölbreyttara, aðgengilegra, markvissara og skemmtilegra. Þetta verkefni sem og verkefnið Rafrænn skóli - nútímaskóli sýndu skýrt að snjalltæki gætu verið gagnlegt verkfæri til að mæta fjölbreyttum þörfum nemenda. Þau veittu nemendum aðgang að námstæki sem auðvelduðu upplýsingaöflun, skipulag og fjölbreytta úrvinnslu verkefna. Reynslan af þessum verkefnum hafði áhrif á ákvörðunina um að innleiða spjaldtölvur í alla skóla Kópavogs árið 2015.

Salaskóli tók þátt í þróunarverkefninu Beint í mark með styrk úr Sprotasjóði á árunum 2018-2019. Markmið verkefnisins var að þróa námsúrræði og viðfangsefni

fyrir nemendur á mið- og unglingastigi sem sýna verulegt áhugaleysi í námi og/eða eru farnir að mæta illa eða ekki í skólann. Verkefnið miðaði að því að styðja við sterkar hliðar nemenda og finna leiðir með þeim til að fást við verkefni sem vöktu áhuga þeirra og drógu úr vanlíðan og skólaforðun. Notast var við svokallaðar smiðjur þar sem boðið var upp á fjölbreytt og verkleg viðfangsefni sem tengdust áhugasviði nemenda. Þetta skapaði jákvæðari upplifun af skólanum og bætti líðan margra nemenda sem áður áttu erfitt uppdráttar. Verkefnið fékk góðan hljómgrunn innan skólans og vakti athygli á mikilvægi fjölbreyttra kennsluaðferða og sveigjanleika í skólastarfi. Verkefnið Beint í mark var tilnefnt árið 2022 til Kópsins fyrir framúrskarandi grunnskólastarf í Kópavogi. Verkefnið hefur verið hluti af fyrirbyggjandi starfi skólans og miðaði áframhaldandi þróun þess að því að ná til enn yngri nemenda og leita leiða fyrir þá sem glíma við alvarlegan skólavanda. Verkefnið þróaðist í náms- og félagslegt úrræði fyrir nemendur á unglingastigi sem þurfa fjölbreyttan stuðning, t.d. námslegan, félagslegan, sálrænan og við skólaforðun. Nemendur með ólíkar þarfir sækja úrræðið og eru allir velkomnir. Starfið einkennist af stuðningi, trausti og hlýju. Úrræðið hlaut viðurkenningu menntaráðs Kópavogsbæjar, Kópinn, árið 2025 fyrir framúrskarandi skólastarf.

Salaskóli var þátttakandi í þróunarverkefni grunnskóla Kópavogsbæjar sem og Langholtsskóla sem ber heitið “Að efla stafræna ábyrgð nemenda” skólaárin 2023-2025. Verkefnið fól í sér að þróa viðmiðunarnámskrá í stafrænni borgaravitund og kennslu í ábyrgri netnotkun. Verkefni var styrkt af Sprotasjóði.

Á skólaárinu 2024–2025 unnu kennarar Salaskóla að þróun í átt að fjölbreyttari kennsluháttum, aukinni samþættingu námsgreina og skýrari útfærslu námsmats. Styrkur fékkst úr Endurmenntunarsjóði grunnskóla til þess hluta verkefnisins sem snýr að námsmati.

Markmið verkefnisins er að efla samræmi í námsmati innan skólans með því að samhæfa vinnubrögð kennara milli árganga og móta sameiginleg viðmið og matstæki. Jafnframt er lögð aukin áhersla á fræðslu og upplýsingagjöf til foreldra með það að markmiði að styrkja skilning á tilgangi námsmats og framsetningu þess. Með þessu er stuðlað að betri námsárangri, auknu samstarfi heimila og skóla og auknu gagnsæi í mati á námsframvindu.

Samþætting námsgreina hefur einnig verið í brennidepli. Í slíku námi gefst nemendum í ríkari mæli tækifæri til að vinna út frá eigin áhugasviði og styrkleikum, og oft bjóðast fjölbreyttari leiðir til að skila verkefnum. Skil á milli námsgreina verða ekki alltaf skýr, og flæði í náminu verður betra þar sem unnið er með hæfniviðmið úr fleiri greinum samtímis. Nemendur hafa lýst því að með þessu vinnulagi sjá þeir betur tilgang verkefna og eiga auðveldara með að yfirfæra þekkingu sína á ný svið.

Skólaárið 2024 - 2025 unnu Salaskóli og Heilsuleikskólinn Fífusalir saman að þróunarverkefninu ***Brú milli skólastiga*** með það markmið að efla tengsl leik- og grunnskóla og tryggja samfellu í námi barna. Lögð var áhersla á að styðja við velferð og öryggi barna við skólabyrjun, efla samstarf kennara milli skólastiga og þróa sameiginlegt skipulag og námsáætlun. Verkefnið byggir á gildum aðalnámskrár um mikilvægi þess að flutningur barna milli skólastiga sé undirbúinn af kostgæfni, með velferð og þroska barnsins í forgrunni. Í tengslum við verkefnið voru haldnir fræðslufundir, samráðsfundir og fjölbreyttar gagnkvæmar heimsóknir barna milli skólastiga yfir skólaárið.

Í framhaldi af samstarfsverkefninu *Brú milli skólastiga* mun Salaskóli ásamt Vatnsendaskóla, Barnaskóla Kársness og leikskólunum Sólhvörfum, Fífusölum og Urðarhóli vinna að nýju þróunarverkefni á skólaárinu 2025–2027 sem ber heitið ***Lestur á mörkum skólastiga***.

Verkefnið miðar að því að efla samfellu í læsisnámi milli leik- og grunnskóla. Meginmarkmið verkefnisins er að styrkja lestrartengt nám og undirbúning barna fyrir grunnskólagöngu með notkun gagnreyndra kennsluaðferða. Sérstök áhersla er lögð á K-PALS aðferðina í elsta árgangi leikskólans og G-PALS í grunnskóla. K-PALS byggir á kennslu bókstafa og hljóða og hefur reynst áhrifarík til að efla hljóðkerfisvitund barna og styðja sérstaklega við þau sem eru í áhættu með tilliti til lestrarörðugleika. Verkefnið felur í sér markvissa kennslu, reglulegar skimanir, sameiginleg námskeið og faglega rýni kennara til að tryggja gæði og framvindu. Kennarar sækja sameiginleg námskeið, halda kennsludagbækur og hittast reglulega á rýnifundum þar sem gæði kennslunnar eru rædd og metin. Lögð verður rík áhersla á orðaforða, tjáningu, félagsfærni og stuðning við tvítyngd börn. Verkefnið er styrkt af Rannís og niðurstöður þess verða kynnt í skólasamfélaginu haustið 2027.

Á vorönn 2025 fékk Salaskóli styrk frá Forriturum framtíðarinnar, verkefni sem styður við forritunar- og tæknimennt í grunnskólum og miðar að því að efla fræðslu og áhuga meðal barna og unglinga á forritun og tækni. Verkefnið leggur áherslu á að nemendur kynnist forritun, gagnavinnslu og skapandi notkun tækni í námi, sem styrkir bæði sjálfstæði þeirra og lausnaleit.

Styrkurinn gerir skólanum kleift að kaupa ný tæki, bjóða kennurum upp á sérhæfð námskeið og þróa kennsluhætti í forritun og tækni sem tengjast daglegu námi nemenda. Með auknum tækifærum til að vinna með nýjustu tæknilausnir styrkist hæfni nemenda til að nota tæknina í fjölbreyttum verkefnum, tengja hana við önnur námsgreinasvið og sýna framfarir á fjölbreyttan hátt.

Þessi stuðningur nýtist nemendum beint í náminu með því að auka möguleika þeirra á að læra forritun, efla skapandi og gagnrýna hugsun og styrkja færni í tækni sem er sífellt mikilvægari í daglegu lífi.

## Alþjóðastarf Salaskóla

Salaskóli hefur í gegnum árin lagt ríka áherslu á alþjóðlegt samstarf í skólastarfi og tekið þátt í fjölmörgum verkefnum á vegum Comenius og Erasmus+. Verkefnin hafa styrkt tengsl nemenda og kennara við skólasamfélög í öðrum löndum og eflt skilning á menningu, menntun og fjölbreytileika í Evrópu og víðar.

Fyrsta verkefni skólans, *VATN* (2003–2006), var unnið í samstarfi við skóla í Evrópu með áherslu á vatn sem náttúruauðlind og viðfangsefni í kennslu. Á árunum 2006–2009 tók skólinn þátt í *Heilbrigður lífsstíll*, þar sem unnið var með heilbrigði og hreyfingu í skólastarfi í samstarfi við skóla í Finnlandi, Eistlandi, Kýpur og Englandi. Verkefnið leiddi til samvinnu milli kennara og nemenda sem studdi við heilbrigða lífshætti í daglegu skólastarfi.

Á tímabilinu 2012–2014 tók Salaskóli þátt í verkefninu *Europe – Ready, Steady, Go!* sem fékk innblástur frá Ólympíuleikunum og snerist um að kynna siði og menningu þátttökulanda: Þýskalands, Englands, Spánar, Kýpur og Íslands. Meðal afraksturs var matreiðslubókin *Comenius Cooking 2014* sem nemendur unnu saman að.

Frá 2019 til 2022 tók skólinn þátt í *BOOST* (Building On Opportunities for Storytelling) í samstarfi við skóla á Möltu, Írlandi, Tyrklandi og Slóveníu. Verkefnið

var framhald af *LATCH* (Literacy At The Children's Heart, 2017–2019) og lagði áherslu á nýjar leiðir til að efla lestraráhuga og frásagnargetu barna með skapandi nálgun.

Salaskóli hefur einnig tekið þátt í kennaraskiptum og faglegum tengslum við skóla í Kanada í samstarfi við Skólastjórafélag Íslands og Kennarasamband Alberta-fylkis. Einnig hefur skólinn átt virkt samstarf við skóla í vinabæjum Kópavogs á Norðurlöndum, m.a. með þátttöku stjórnenda í samráðsfundum og heimsóknum.

Árið 2020 hófust samskipti við skóla í Japan þar sem nemendur í 7. bekk unnu að sameiginlegu verkefni um heimsmarkmið Sameinuðu þjóðanna. Nemendur fengu úthlutað markmiðunum *sjálfbærar borgir og samfélög* og *ábyrg neysla*, unnu fræðilega og skapandi úrvinnslu og unnu sameiginlegt listaverk með jafnöldrum sínum í Japan.

# Stefna og fagleg nálgun Salaskóla

Salaskóli er framsækinn grunnskóli þar sem starf og þróun byggjast á rannsóknum, reynslu og skýrum markmiðum. Megináhersla skólans er að tryggja velferð og námsárangur allra nemenda og styðja þá í að byggja upp sjálfstraust, sjálfsaga og hæfni til að takast á við áskoranir í námi og daglegu lífi.

Í skólastarfinu er lögð rík áhersla á einstaklingsmiðað og fjölbreytt nám þar sem tekið er mið af styrkleikum hvers og eins. Unnið er út frá heildrænni sýn þar sem nám, líðan og félagsfærni eru órjúfanlegir þættir og hver styður við annan. Skólinn leitast við að mæta ólíkum þörfum nemenda, efla sjálfstæða hugsun og ábyrgðartilfinningu og skapa umhverfi sem styður við virkni, vellíðan og þátttöku allra nemenda.

Kennsla og uppeldi í Salaskóla byggjast á skýrum gildum, markvissu námsumhverfi og jákvæðum samskiptum. Fjölbreyttar kennsluaðferðir og nýting tækni eru nýttar til að tryggja öllum jöfn tækifæri til náms. Lögð er áhersla á öflugt samstarf milli nemenda, kennara og foreldra þar sem traust, virðing og samvinna eru lykilþættir í árangursríku skólastarfi.

Markmið Salaskóla er að skapa jákvætt og árangursríkt námsumhverfi þar sem nemendur fá tækifæri til að njóta sín bæði sem einstaklingar og í hópi. Starfshættir og kennslufræðileg nálgun Salaskóla byggjast á:

- Aðalnámskrá grunnskóla
- Grunnskólalögum
- Stefnu Kópavogsbæjar
- Heimsmarkmiðum Sameinuðu þjóðanna
- Gildum skólans

## Gildi Salaskóla

Gildi Salaskóla og einkunnarorð eru **vinátta** - **virðing** – **samstarf**. Þau eru leiðarljós okkar í skólastarfinu og endurspeglast í samskiptum, vinnubrögðum og námsháttum. Við syngjum um þau í skólasöng Salaskóla. Skólasöngur Salaskóla var saminn í tilefni af 10 ára afmæli skólans og var kynntur þann 16. nóvember árið 2011, á degi íslenskrar tungu. Söngurinn er eftir Braga Valdimar Skúlason, bæði lag og texti, en undirleik annaðist Guðmundur Pétursson gítarleikari.

Skólasamfélagið á að vera gegnsýrt af gildum skólans og hver sá sem kemur inn í skólann á að skynja að hér er borin virðing fyrir öllum, hér vinna einstaklingar saman og hér ríkir andi vináttu.

Merki Salaskóla skiptist í þrennt og á hvert stig sitt tákn í því. Hendurnar sem mynda hús eru tákn yngsta stigs og tákna umhyggju. Eplið er tákn miðstigs og tákna ávöxtinn sem dafnar og grær í hverjum einstaklingi og fuglinn er tákn unglingastigs hann stendur fyrir það sjálfstæði sem nemendur öðlast á þessu stigi sem að lokum leiðir til þess að þeir fljúga burt fullnuma úr grunnskólanum og tilbúnir að takast á við ný viðfangsefni.

## Grunnþættir menntunar í Salaskóla

Grunnþættir menntunar – læsi, lýðræði og mannréttindi, jafnrétti, sjálfbærni, heilbrigði og velferð og sköpun – eru ofnir inn í allt nám og starf skólans. Þeir eru

undirstaða þess hvernig við mótum nemendur sem virka þátttakendur í lýðræðissamfélagi og styðjum þá til að lifa heilbrigðu, ábyrgðu og merkingarbæru lífi.

**Læsi**

Í 1.–4. bekk er lögð sérstök áhersla á læsi, með áherslu á byrjendalæsi og vinnu með texta sem kveikir áhuga, þróar ímyndunarafl og eykur gagnrýna hugsun. Lagt er upp úr vönduðu lestrarnámi þar sem börn fá fjölbreytt lesefni og tækifæri til að tengja við eigin reynslu.

**Lýðræði og mannréttindi**

Skólinn vinnur samkvæmt hugmyndafræði Uppeldis til ábyrgðar og eflir þannig samskiptafærni nemenda, valfrelsi og hæfni til að leysa úr ágreiningi. Nemendur taka þátt í ákvarðanatöku, móta eigið nám og fá tækifæri til að hafa áhrif á skólasamfélagið.

**Jafnrétti**

Jafnrétti er samofið öllu starfi Salaskóla. Unnið er markvisst gegn fordómum og mismunun og tryggt að öll börn njóti sín á jafnréttisgrundvelli, óháð kyni, uppruna, trúarbrögðum, tungumáli eða fötlun.

**Sjálfbærni**

Umhverfisvernd er samþætt öllu skólastarfi. Lögð er áhersla á umhverfismennt, útikennslu, flokkun, nýtingu efna og draga úr matarsóun. Nemendur eru hvattir til að tileinka sér sjálfbæran lífsstíl og bera virðingu fyrir náttúrunni.

**Heilbrigði og velferð**

Hreyfing, góð næring og jákvæð samskipti eru grunnþættir í skólastarfinu. Nemendur fá útrás fyrir hreyfiþörf sína daglega, unnið er með sjálfsmynd og vellíðan og áhersla lögð á sveigjanlegt námsumhverfi. Skóladeginum er hagað þannig að rými sé fyrir slökun og núvitund, og boðið er upp á hollt nesti og drykki.

### Sköpun

Skapandi starf er fléttað inn í allar námsgreinar og lögð áhersla á að nemendur fái útrás fyrir hugmyndir sínar og frumkvæði. List- og verkgreinar, leikur, nýsköpun og tæknivinna eru hluti af daglegu námi. Skólinn styður nemendur í að sýna frumkvæði og þróa eigin verkefni.

## Áhersluþættir samkvæmt grunnskólalögum

Í Salaskóla er lögð áhersla á að allir nemendur fái jöfn tækifæri til náms og þroska í umhverfi sem einkennist af virðingu, vellíðan og fjölbreytileika. Skólinn starfar í samræmi við 2. grein grunnskólalaga nr. 91/2008 og leggur sérstaka áherslu á að skólastarf mótist af lýðræði, jafnrétti, sjálfbærni, ábyrgð, mannréttindum og virðingu. Þessir þættir eru samþættir kennsluháttum, skólabrag og uppeldi nemenda og endurspeglast í daglegu skólastarfi á eftirfarandi hátt:

### Lýðræði og mannréttindi

Nemendur eru virkir þátttakendur í skólasamfélaginu. Með skólaþingi, nemendafélagi og bekkjarfundum fá þeir tækifæri til að taka þátt í ákvarðanatöku, rýna skólastarfið og hafa áhrif. Lögð er áhersla á virðingu fyrir fjölbreytileika og mannréttindum í öllu starfi.

### Jafnrétti til náms

Allir nemendur njóta jafnræðis óháð kyni, uppruna, tungumáli, fötlun eða trúarbrögðum. Tvítyngdir nemendur fá sérstakan stuðning og lögð er áhersla á að allir fái að njóta sín á eigin forsendum. Mótandi starf er unnið gegn fordómum og mismunun.

### Sköpun, gagnrýnin hugsun og sjálfstæð vinnubrögð

Nemendur fá tækifæri til að nýta eigin hugmyndir og sýna frumkvæði. Þeir þjálfast í gagnrýninni hugsun og sjálfstæðum vinnubrögðum. Nýsköpun er samofin námi og komið er til móts við ólíka námsstíla og áhugasvið.

**Sjálfbærni og virðing fyrir náttúru**

Í Salaskóla er lögð áhersla á umhverfismennt, útikennslu og sjálfbæra þróun. Nemendur læra að bera ábyrgð á eigið umhverfi, flokka sorp og sýna náttúrunni virðingu. Þeir eru hvattir til að leggja sitt af mörkum til samfélagsins sem byggir á ábyrgð og framtíðarsýn.

**Heilbrigði og vellíðan**

Markvisst er unnið að því að efla líkamlega, andlega og félagslega heilsu nemenda. Skólinn leggur áherslu á daglega hreyfingu, hollt mataræði, jákvæð samskipti og góðar svefnvenjur. Hvíld, núvitund og slökun eru einnig hluti af daglegu starfi.

**Upplýsingatækni og stafrænt læsi**

Tækni og stafrænt læsi eru órjúfanlegur hluti af námi. Kennarar nýta stafræn kennsluumhverfi og smáforrit sem styðja við fjölbreyttar kennsluaðferðir, sköpun, aðgengi og áhuga nemenda. Stafræna borgaravitund er efld með verkefnavinnu og stuðst er m.a. við efni af vefnum vitundin.is.

**Samvinna heimila og skóla**

Gott samstarf heimila og skóla er lykilþáttur í farsælu skólastarfi. Foreldrar eru virkir þátttakendur í skólasamfélaginu og fá reglulega upplýsingar og tækifæri til samráðs, bæði í gegnum beint samtal við kennara og á formlegum vettvangi s.s. fundum og verkefnum.

## Kennsluhættir og áherslur í námi og kennslu

Í Salaskóla er lögð áhersla á fjölbreyttar kennsluaðferðir, einstaklingsmiðað nám og sveigjanleika. Kennarar á öllum skólastigum vinna í teymum með hvern árgang. Nemendum er skipt í sveigjanlega námshópa sem geta verið breytilegir eftir viðfangsefnum og tímabilum.

Áhersla er á:

- að allir fái notið sín sem einstaklingar og í hópi - horft er til styrkleika nemenda og starfsfólks

- að rækta með nemendum góð gildi, ábyrgð, virðingu, góða framkomu og öguð vinnubrögð
- að efla stafræna borgaravitund og nýta tækni á skapandi hátt í námi
- að byggja á menningararfleifð og auka víðsýni
- að styðja við tvítyngda nemendur og virða fjölbreytileika
- að efla nýsköpun og þróun í öllu skólastarfi
- öflugt samstarf milli skóla og foreldra sem undirstöðu góðs skólastarfs
- Að stuðla að verndun náttúrunnar og meðvitaðri umgengni við umhverfið í anda sjálfbærrar þróunar.
- Að tryggja öllum nemendum jöfn tækifæri til þátttöku og náms, óháð bakgrunni, tungumáli, trú, kyni, fötlun eða öðrum persónubundnum þáttum.
- Að efla heilbrigða lífshætti og stuðla að líkamlegri, andlegri og félagslegri vellíðan nemenda.
- Að rækta alþjóðavitund nemenda og vekja þá til vitundar um sameiginlega ábyrgð okkar á jörðinni og mikilvægi þess að leggja sitt af mörkum til betri heims.

**Lestur, ritun og orðaforði**

Á yngsta stigi er unnið eftir hugmyndafræði byrjendalæsis þar sem lestur og vinna með texta skipar veglegan sess. Stuðst er við gagnreyndar lestrarkennsluaðferðir og kapp lagt á að nemendur nái fljótt og vel góðri lestrartækni. Áhersla er lögð á gæði fremur en hraðan lestur. Gengið er út frá því að börn þurfi lesefni sem kveikir áhuga þeirra, ýtir undir ímyndunaraflið, hvetur þau til gagnrýninnar hugsunar og gefur þeim tækifæri til að mynda merkingarbærar tengingar við eigið líf. Því er margskonar gæðatexti lagður til grundvallar lestrarkennslunni og hann nýttur sem efniviður til að efla stafavitund, hljóðkerfisvitund, orðaforða, ritun og lesskilning.

Á öllum stigum og í öllum námsgreinum er unnið markvisst að því að auka orðaforða nemenda. Þá eru nemendur þjálfaðir í ritun og einkum að skrifa vandaðan texta frá eigin brjósti. Mikilvægi lestrar í skóla og heima er áréttað og styður það við sjálfstæð vinnubrögð og þekkingaröflun.

**Sköpun, náttúra og samfélag**

Skapandi starf er fléttað inn í allar námsgreinar. List- og verkgreinar, smiðjur og nýsköpunarverkefni eru hluti af daglegu námi, sem og útikennsla og vettvangsferðir. Unnið er með þverfagleg verkefni og nemendur hafa mikið val um viðfangsefni og vinnuaðferðir.

Umhverfismennt er áhersluatriði og stuðlar að virðingu fyrir náttúrunni. Með útikennslu og samfélagsnámi kynnast nemendur nærumhverfi sínu og fá innsýn í gildi samábyrgðar og sjálfbærrar þróunar. Leitað er eftir hugmyndum nemenda og þau hvött til að taka frumkvæði í eigin námi.

**Heilsuefling og vellíðan**

Heilsuefling nær bæði til líkama og sálar. Nemendur fá hreyfingu daglega, með tvöfaldri útivist í 1.–7. bekk og sveigjanlegu námsumhverfi sem býður upp á hreyfanleika og fjölbreytilegar vinnustellingar.

Núvitund, yoga og slökun fá rými í skóladeginum, líkt og fræðsla um góðan svefn og næringu. Nemendur eru hvattir til að borða hollt nesti, og áhersla er lögð á fjölbreytt fæði í mötuneyti. Við leggjum áherslu á að draga úr matarsóun og jákvæð samskipti sem stuðla að vellíðan.

**Lýðræði og þátttaka**

Nemendur taka þátt í mótun eigin náms og hafa áhrif á skólastarfið. Með skólaþingi, nemendafélagi og samráð við foreldra eru rödd nemenda og heimila hluti af þróun skólans.

Áhersla er lögð á bekkjarsamræður, lausnamiðaðar aðferðir og ábyrgð í samskiptum. Uppeldi til ábyrgðar er notað sem grunnur að samskiptavinnu, þar sem nemendur læra sjálfsaga, virðingu og uppbyggilega nálgun við úrlausn ágreinings.

Fjölgreindaleikar eru haldnir árlega og eru mikilvægur liður í að efla samvinnu, leiðtogahæfni og sjálfsmynd nemenda. Þar vinna aldursblandaðir hópar saman og eldri nemendur þjálfast í hlutverki leiðtoga.

**Tækni í námi**

Tækni er órjúfanlegur hluti af námi í Salaskóla. Nemendur nýta stafrænar lausnir og tæki við fjölbreytt verkefni sem styðja við sköpun, gagnrýna hugsun og sjálfstæð vinnubrögð. Nýting tækninnar getur aukið áhuga, bætt aðgengi að námi og gert nám aðgengilegra fyrir nemendur með ólíkan bakgrunn eða námsörðugleika. Með því að samþætta tækni í daglegt nám er stuðlað að aukinni virkni og þátttöku nemenda, sérstaklega þeirra sem njóta góðs af sjónrænni eða hljóðrænni nálgun.

Kennarar nýta fjölbreytt forrit og stafræn kennsluumhverfi til að bjóða upp á sveigjanlegt og aðgengilegt nám. Markvisst er unnið að því að þróa stafræna borgaravitund nemenda og gera þá meðvitaða og ábyrga þátttakendur í stafrænu samfélagi.

## Uppeldi til ábyrgðar

Salaskóli vinnur eftir hugmyndafræði uppeldis til ábyrgðar og hefur gert það frá árinu 2007. Meginatriði stefnunnar er að kenna börnum og unglingum sjálfsaga, sjálfstjórn og leiðir til að auka sjálfstraust sitt.

Uppeldi til ábyrgðar leggur áherslu á jákvæð samskipti fremur en reglur, á ábyrgð fremur en blinda hlýðni og á virðingu fremur en stjörnugjöf. Treyst er á hæfileikann til sjálfsstjórnar og að hver og einn geti hugsað áður en hann framkvæmir og brugðist rétt við aðstæðum.

Uppeldi til ábyrgðar hvetur hvern og einn til að taka ábyrgð á eigin orðum og gerðum. Aðferðin nýtist við bekkjarstjórnun þar sem allir fá að vaxa og njóta sín. Notaðar eru aðferðir sem helgast af fyrirbyggjandi starfi, samræðum og aðferð við að ná jafnvægi og innri styrk eftir að hafa beitt samferðamenn sína rangindum eða lent upp á kant við þá. Leitast er við að ná samstöðu um lífsgildi til að hafa að leiðarljósi og fylgja þeim síðan eftir með fáum skýrum reglum.

Spurt er bæði hvernig við viljum vera og hvað við þurfum að gera til að ná eigin markmiðum í sátt og samlyndi við samferðamenn. Nemendur taka þátt í að setja mörk í samskiptum og viðbrögð við óæskilegri hegðun eru uppbyggileg.

## Heilsueflandi grunnskóli

Salaskóli er heilsueflandi grunnskóli og leggur ríka áherslu á heilsu og vellíðan nemenda. Heilsuefling í skólanum felur í sér að stuðla að hollum lífsstíl, bæði í mataræði og hreyfingu, ásamt því að efla andlega og félagslega vellíðan nemenda.

Skólinn skapar umhverfi þar sem nemendur fá tækifæri til að hreyfa sig reglulega, fræðast um næringu og tileinka sér jákvæð samskipti. Einnig er lögð áhersla á hvíld, svefn og jafnvægi í daglegu lífi. Með þessum hætti styður Salaskóli nemendur í að byggja upp heilbrigðar venjur sem nýtast þeim til framtíðar. Ath að setja inn jógað.

## UNESCO-skóli

Salaskóli er UNESCO-skóli og tekur mið af heimsmarkmiðum Sameinuðu þjóðanna í starfinu líkt og aðrir skólar í Kópavogi en Kópavogsbær hefur hlotið viðurkenningu sem barnvænt sveitarfélag út frá barnasáttmála Sameinuðu þjóðanna.

Við einsetjum okkur að nemendur, starfsfólk og allt skólasamfélagið leggi sig fram við að gera það sem það er megnugt til að stuðla að sjálfbærni jarðar á öllum sviðum. Við hugsum vel um okkur sjálf, umhverfi okkar og hvert annað. Saman lærum við að vera góðar manneskjur, öðlast fjölbreytta þekkingu, koma góðum hlutum í framkvæmd og lifa saman í sátt og samlyndi. Kópavogsbær hefur valið 34 undirmarkmið heimsmarkmiða Sameinuðu þjóðanna sem grundvöll sinnar stefnu. Salaskóli horfir til þeirra í starfi sínu og námi nemenda.



## Stoðkerfi Salaskóla

Í Salaskóla er lögð áhersla á að öllum nemendum líði vel í skólanum. Nemendur sem búa við vellíðan og fá tækifæri til að takast á við fjölbreytt og krefjandi viðfangsefni þurfa síður á sérstökum úrræðum að halda innan eða utan skólans. Sveigjanleiki og fjölbreytni í skólastarfinu eru því mikilvægir þættir í nemendavernd.

Skólinn býður upp á margvísleg úrræði og stuðningskerfi fyrir þá nemendur sem þurfa sérstakan stuðning í námi eða félagslegri aðlögun.

## Sérkennsla og námsstuðningur

Sérkennsla fer að jafnaði fram í námshópum nemenda í heimastofum, eftir því sem við verður komið. Umsjónarkennarar, sérkennslukennarar og starfsfólk stoðþjónustu skólans vinna saman að því að skapa hvetjandi námsumhverfi sem tekur mið af þörfum og styrkleikum hvers og eins. Nemendur eru hvattir til dáða með því að vekja áhuga og forvitni á viðfangsefnum.

Í skólanum eru einnig minni námsver þar sem hægt er að koma til móts við þá nemendur sem hentar betur að vinna í fámennari hópum. Þar fá nemendur kennslu og stuðning í samræmi við einstaklingsnámsáætlanir. Markmiðið er að bæta líðan, efla sjálfsmynd og stuðla að auknum námsárangri.

Ýmis konar námskeið eru haldin í skólanum yfir skólaárið, svo sem lestrarnámskeið, hljóðgreiningarnámskeið, málörvunarnámskeið, félagsfærni- og samskiptanámskeið og stærðfræðinámskeið. Lengd námskeiða er breytileg, en þau standa oft yfir í nokkrar vikur.

Lögð er áhersla á sveigjanleika í vinnubrögðum og að koma til móts við mismunandi þarfir nemenda. Sumum hentar að fá stuðning í heimastofu en öðrum í smærri hópum í sérstöku námsrými. Því eru stundum fleiri en einn kennari við ákveðnar kennslustundir eða sérkennari með hluta hópsins.

Markmið sérkennslu í Salaskóla er að stuðla að námslegum sigrum og byggja á styrkleikum og áhuga nemenda. Áhersla er lögð á fjölbreytt viðfangsefni og félagslega aðlögun. Hlutverk sérkennara er m.a. að laga nám og námsaðstæður að þörfum nemenda og beita fjölbreyttum kennsluaðferðum.

## Sérdeild og íslenska sem annað tungumál

Í Salaskóla er starfrækt sérdeild fyrir einhverfa nemendur, sem sækja hana samkvæmt inntökureglum Kópavogsbæjar. Í deildinni eru nemendur frá öllum skólahverfum bæjarins.

Kennsla í íslensku sem öðru tungumáli (ÍSAT) fer fram samkvæmt viðmiðunarreglum Kópavogsbæjar og fer hún fram í tungumálaveri skólans. Fjöldi kennslustunda og áherslur fara m.a. eftir komuári nemanda til landsins og stöðu hans á staðlaðri málkönnun, svonefndu „Milli mála“-prófi. Kennslan miðar að því að efla málvitund og valdefla nemendur með fjölbreyttum kennsluháttum.

Viðkomandi nemendur og fjölskyldur þeirra fá einnig upplýsingar um félags- og tómstundastarf og stuðning við aðlögun í samfélaginu utan skólans.

## Námsáætlanir árganga

Námsáætlanir árganga Salaskóla eru unnar í samræmi við aðalnámskrá grunnskóla og skólanámskrá. Þær lýsa markmiðum og innihaldi námsins á hverju skólastigi og veita yfirsýn yfir kennslu og áherslur einstakra námsgreina.

Fyrir hvern árgang eru sett fram skýr hæfniviðmið sem nemendur vinna að yfir skólaárið, ásamt yfirliti yfir helstu námsþætti, viðfangsefni, kennslugögn og námsmat. Þá er gerð grein fyrir tengingu við grunnþætti menntunar, lykilhæfni og matsviðmið. Markmiðið er að tryggja samræmda og gagnsæja námsframvindu, styðja við fjölbreytta kennsluhætti og efla ábyrgð og skilning nemenda og foreldra á námi.

1. **bekkur** - í vinnslu
2. **bekkur** - í vinnslu
3. **bekkur** - í vinnslu
4. **bekkur** - í vinnslu
5. **bekkur** - í vinnslu
6. **bekkur** - í vinnslu
7. **bekkur** - í vinnslu
8. **bekkur** - í vinnslu
9. **bekkur** - í vinnslu
10. **bekkur** - í vinnslu

# Námsmat og vitnisburðarkerfi

Megintilgangur námsmats er örvun nemenda og námsaðstoð. Hverjum kennara ber að fylgjast vandlega með því hvernig nemendum gengur að ná þeim námsmarkmiðum sem aðalnámskrá og skólinn setja þeim. Námsmat í Salaskóla byggir á hæfniviðmiðum Aðalnámskrár grunnskóla og þeim matsviðmiðum sem Menntamálastofnun hefur gefið út.

Formlegt námsmat fer fram tvisvar sinnum á vetri. Í janúar er stöðumat sem fylgt er eftir með viðtali og í júní er vitnisburður fyrir skólaveturinn. Hvoru tveggja má finna í rafrænum skjölum í *Mín Mappa* nemenda á Mentor. Að auki er námsmat samfelldur þáttur í skólastarfinu og byggist meðal annars á þátttöku, verkefnavinnu og öðrum hæfniviðmiðum sem skrásett eru jafnt og þétt undir flipanum *Námsmat* í Mentor. Niðurstöðurnar eru sýnilegar fyrir hvert hæfniviðmið og veita góða yfirsýn yfir námsstöðu nemenda.

Skólaárið 2024–2025 fékk skólinn styrk til þróunarverkefnis úr Endurmenntunarsjóði grunnskóla með áherslu á áframhaldandi þróun námsmats. Verkefnið snýr m.a. að samræmingu námsmats milli kennara og árganga og aukinni fræðslu til foreldra um tilgang og framsetningu námsmats.

Í skólanum starfar námsmatsnefnd sem hefur unnið að samræmingu námsmats. Í nefndinni sitja kennarar af öllum stigum, deildarstjórar mið- og unglingastigs og fulltrúi stoðþjónustunnar. Útbúnar hafa verið leiðbeiningar fyrir foreldra sem varpa ljósi á fyrirkomulag námsmats í Salaskóla.

Foreldraviðtölin í Salaskóla eru að hluta til nemendastýrð, sem er áhrifarík leið til að gera nemandann að virkum þátttakanda í eigin skólagöngu. Nemandinn er í aðalhlutverki, stýrir viðtalinu og upplýsir foreldra sína um hvað hann er að læra og hvernig honum gengur. Meginmarkmið nemendastýrðra viðtala er að efla sjálfstraust, fagmennsku og samstarf. Nemandinn lærir að þekkja styrkleika sína og áskoranir, setur sér markmið og fylgir þeim eftir. Slík þátttaka stuðlar að aukinni vellíðan og færni – innan skólans sem utan.

Foreldrar eru hvattir til að fara reglulega yfir hæfnikort með börnum sínum og fagna þeim framförum sem náðst hefur. Fátt hvetur börn meira en áhugasöm og jákvæð viðbrögð við eigin árangri.

# Innra mat og umbótastarf

Innra mat í grunnskólum er lögbundið ferli sem miðar að því að tryggja gæði skólastarfs, stuðla að stöðugri þróun og bæta námsárangur nemenda. Samkvæmt grunnskólalögum og aðalnámskrá ber hverjum skóla að framkvæma reglulegt mat á eigin starfsemi, greina styrkleika og áskoranir og móta aðgerðir til umbóta.

Salaskóli hefur markvisst byggt upp eigið sjálfsmatskerfi sem hefur þróast í gegnum árin og er nú orðið víðtækt. Unnið er eftir matsáætlun og á þriggja ára fresti gefur skólinn út ítarlega matsskýrslu sem byggir á safni gagna og greiningu síðustu ára.

Mat byggir á fjölbreyttum gögnum, svo sem viðhorfskönnunum, námsmati og samtölum. Nokkrum sinnum á ári er líðan og viðhorf nemenda í 6.–10. bekk könnuð með Skólapúlsinum, sem veitir jafnframt samanburð við aðra skóla. Skólapúlsinn kannar einnig viðhorf starfsmanna og foreldra annað hvert ár. Á foreldrafundum fá foreldrar einnig tækifæri til að fylla út stutta könnun um það sem vel gengur í skólastarfinu og hvað mætti bæta.

Einnig hefur verið lögð aukin áhersla á aðkomu nemenda að mati. Árlega er haldið skólaþing þar sem nemendur í 1.–10. bekk taka þátt í umræðum um skólastarfið. Í 10. bekk vinna nemendur verkefni í þjóðfélagsfræði þar sem þeir stofna eigin stjórnmálaflokka með áherslu á umbætur í skólastarfi. Þeir sem fá flest atkvæði í kosningum funda með stjórnendum og skólaráði og kynna umbótahugmyndir sínar – sem oft hafa ratað inn í umbótaverkefni skólans.

## Umbótaáætlun

Umbótastarf Salaskóla er órjúfanlegur hluti af innra mati og byggist á niðurstöðum þess. Tilgangurinn er að efla gæði náms og kennslu, tryggja vellíðan og jafna tækifæri nemenda, og styrkja skólann sem lærdómssamfélag.

**Markmið umbótaáætlunar eru:**

- Að stuðla að stöðugri faglegri þróun.
- Að efla gæði kennslu og náms.
- Að tryggja virka þátttöku, jafnrétti og vellíðan nemenda.
- Að styðja við fjölbreyttan nemendahóp óháð aðstæðum eða bakgrunni.
- Að byggja upp skólasamfélag þar sem allir fá að njóta sín.

## Ferli umbótastarfs

**1. Greining og val á umbótaþáttum:**
Á hverju skólaári eru valdir ákveðnir þættir skólastarfs til ítarlegrar greiningar, s.s. líðan nemenda, námsárangur, starfsánægja eða samstarf við foreldra. Greiningin byggir á niðurstöðum innra mats og faglegri umræðu innan skólans.

**2. Setning markmiða og aðgerða:**
Fyrir hvern þátt eru skilgreind mælanleg markmið og mótaðar raunhæfar aðgerðir sem styðja við umbætur í samræmi við stefnu og gildi skólans.

**3. Ábyrgð og eftirfylgni:**
Ábyrgð á framkvæmd umbóta er skýr og verkþættir settir inn í starfsáætlun skólans. Kynning fer fram til starfsfólks, foreldra og nemenda. Umsjón er í höndum stjórnenda og þróunarteyma.

**4. Mat og endurmat:**
Í lok skólaárs eru áhrif aðgerða metin og niðurstöður teknar saman í sjálfsmatsskýrslu. Niðurstöðurnar nýtast til áframhaldandi umbótastarfs á næsta skólaári.

**Dæmi um áhersluþætti í umbótastarfi**

- Að efla lýðræðislega þátttöku nemenda og auka áhrif þeirra á skólastarfið.
- Að bæta námsárangur með fjölbreyttum kennsluháttum.
- Að nýta upplýsingatækni á markvissan hátt í kennslu og námi.
- Að efla samskipti og vellíðan í anda Uppeldis til ábyrgðar.
- Að styrkja samstarf við foreldra með markvissari upplýsingamiðlun og samtali.

## Matsteymi

Leitast er eftir því að matsteymi innra mats samanstandi af fulltrúum allra helstu hagsmunaaðila skólasamfélagsins til að tryggja víðtæka sýn og gæði matsins. Algengt er að teymið innihaldi:

- **Skólastjóra og/eða aðra stjórnendur** – veita faglega forystu og tryggja að matið sé í samræmi við stefnu skólans og lögbundnar skyldur.
- **Kennara** – koma með faglega innsýn í kennslu, námsmat og skólastarf.
- **Fulltrúa annarra starfsmanna** – t.d. stuðningsfulltrúa eða skólaliða sem hafa innsýn í daglegt starf og skólaumhverfi.
- **Nemendafulltrúa** – oftast úr nemendaráði til að tryggja að rödd nemenda heyrist í mati á skólastarfi.
- **Foreldrafulltrúa** – yfirleitt valinn í samráði við foreldrafélagið, oft úr skólaráði, til að veita sjónarhorn foreldra á skólastarfið.

Umbótaráætlun Salaskóla má einnig finna á heimasíðu skólans.

# Samstarf heimilis og skóla

Aðalnámskrá grunnskóla (2011) leggur ríka áherslu á samstarf heimila og skóla og undirstrikar mikilvægi þess að foreldrar séu virkir þátttakendur í menntun barna sinna. Í kafla 7.7 kemur fram að skólar skulu tryggja regluleg samskipti við foreldra og veita þeim upplýsingar um nám, líðan og framvindu nemenda. Þá er lögð áhersla á að skólastarf byggist á gagnkvæmum samskiptum, trausti og virðingu milli allra aðila. Með því að styðja við og efla samstarf heimila og skóla er hægt að skapa námsumhverfi þar sem velferð og menntun nemenda eru í forgrunni.

Í Salaskóla er löng og falleg hefð fyrir farsælu samstarfi skóla og foreldra/forráðamanna. Foreldrafélagið og nærsamfélagið hafa sýnt skólanum velvild og stutt vel við skólastarfið. Samskipti og samstarf hafa einkennst af gagnkvæmri virðingu, með farsæld barnanna að leiðarljósi. Gott og uppbyggilegt foreldrastarf getur skipt sköpum hvað skólagöngu barna varðar og það er alltaf mikilvægt að foreldrar séu vel upplýstir um starfið í skólanum og sýni vilja til samstarfs.

Foreldrar með fjölbreyttan tungumála- og menningarbakgrunn eru hluti af foreldrahópi Salaskóla rétt eins og í samfélagi okkar allra. Við skólabyrjun, í foreldraviðtölum og á öðrum fundum er notast við túlkaþjónustu til að auðvelda samskipti við þá sem ekki hafa vald á íslensku. Á heimasíðu skólans eru hnappar sem hægt er að ýta á til að þýða efni síðunnar yfir á ensku og átta önnur algeng tungumál. Við inntöku nýrra nemenda með fjölbreyttan tungumála- og menningarbakgrunn leggja skólastjórnendur og kennarar sig fram um að kynna foreldrum gagnlegar upplýsingar, svo sem starfsemi og þjónustu félagsmiðstöðva, íþrótta- og tómstundastarfs, upplýsingasíður o.fl.

Foreldrar hafa ávallt verið hvattir til að taka virkan þátt í umræðu um skólaþróun og -starf. Fundir með foreldrum hafa í gegnum tíðina verið reglulegir þar sem rætt er um ýmis mál er tengjast skólastarfinu sem og mál er varða uppeldi. Fyrstu árin var mæting foreldra mjög góð, en á fjórða ári fór að draga úr mætingu. Til að efla þátttöku var árið 2005 brugðið á það ráð að bjóða foreldrum á svokallað morgunkaffi í hverjum árgangi fyrir sig, sem hefur gert fundina persónulegri og styrkt tengsl milli foreldra og skólans. Morgunkaffið lagðist af í heimsfaraldrinum……

Upplýsingagjöf fer fram í gegnum Mentor, vefsíðu skólans, samfélagsmiðla, mánaðarleg fréttabréf sem og í samskiptum við kennara og stjórnendur. Auk þess eru haldnir viðtalsdagar og kynningarfundir þar sem foreldrar geta átt samtal við kennara og fengið innsýn í skólastarfið.

- Mentor: upplýsingasíða skólans fyrir foreldra. Kennarar senda upplýsingar um starfið í árganginum á Mentor og foreldrar þurfa því að fylgjast vel með þar.
- Heimasíða: fyrst og fremst hugsuð sem upplýsinga- og fréttasíða skólans fyrir foreldra.
- Facebooksíða: hugsuð til að koma skilaboðum af ýmsu tagi fljótt til foreldra. Þar má nefna t.d. tapað – fundið, tilboð um tómstundastarf, stuttar tilkynningar og annað slíkt.
- Google Workspace for Education: Google umhverfið er notað í skólanum á mið- og elsta stigi og hefur því verið stofnaður aðgangur í kerfinu fyrir nemendur. Til að halda utan um námsefni nemenda, verkefni og samskipti er notast við Google Classroom. Foreldrar geta óskað eftir foreldraaðgangi og fá þá upplýsingar um

verkefnastöðu og verkefni sem lögð eru fyrir. Til að skoða það sem fram fer í umhverfinu er mælt með að foreldrar skrái sig inn á aðgang barna sinna.

Markmið með samstarfi heimilis og skóla eru eftirfarandi:

- **Efla gagnkvæma virðingu og traust**
  - Stuðla að opnum og reglulegum samskiptum milli foreldra og skóla með farsæld nemenda að leiðarljósi.
  - Tryggja að foreldrar upplifi sig sem virka þátttakendur í skólastarfinu.
- **Tryggja skýra og skilvirka upplýsingagjöf**
  - Gera foreldrum kleift að fylgjast með námi, líðan og framvindu barna sinna með aðgengilegum upplýsingum m.a. í gegnum Mentor, heimasíðu skólans og persónulegum samskiptum.
  - Halda reglulega viðtalsdaga, kynningarfundi og árgangstengda foreldrafundi, m.a. í formi morgunkaffis.
- **Stuðla að virkri þátttöku foreldra í skólasamfélaginu**
  - Hvetja foreldra til að taka þátt í umræðum um skólaþróun og vera virkir í foreldrafélagi og skólaráði.
  - Veita foreldrum tækifæri til að koma á framfæri skoðunum sínum og hafa áhrif á mótun skólastarfsins.
- **Styrkja félagslegt net og skólamenningu**
  - Efla samstöðu innan skólasamfélagsins með félagslegum viðburðum sem styðja við jákvæðan skólabrag.
  - Viðhalda sterkum tengslum við nærsamfélagið og leita eftir samstarfi sem styður við velferð nemenda.

## Hlutverk grunnskóla

Samkvæmt lögum um grunnskóla nr. 91/2008 er hlutverk grunnskóla að stuðla að alhliða þroska allra nemenda og veita þeim menntun sem undirbýr þá bæði fyrir lífið og frekara nám. Skólinn á að hlúa að félagslegri, tilfinningalegri og siðferðilegri velferð nemenda og rækta með þeim sjálfstraust, ábyrgð og gagnrýna hugsun. Þá ber skólanum að stuðla að jafnrétti, lýðræðislegri þátttöku og virðingu fyrir mannréttindum í öllu sínu starfi.

Aðalnámskrá grunnskóla (2011) styður þessa sýn og leggur áherslu á að grunnskólar skapi öruggt og hvetjandi námsumhverfi þar sem allir aðilar skólasamfélagsins, nemendur, kennarar, foreldrar og aðrir starfsmenn, vinna saman í anda jafnræðis, virðingar og samvinnu. Með því að efla þetta samstarf, beita fjölbreyttum kennsluaðferðum og styðja við félagslega og tilfinningalega velferð nemenda er unnið markvisst að því að búa þá undir lífið, frekara nám og þátttöku í lýðræðislegu samfélagi.

## Hlutverk umsjónarkennara

Umsjónarkennarar gegna lykilhlutverki í samskiptum milli heimila og skóla. Þeir bera ábyrgð á velferð nemenda sinna, fylgjast með líðan þeirra og námsgengi og eiga regluleg samskipti við foreldra. Umsjónarkennari er oft fyrsti tengiliður foreldra við skólann og hefur það hlutverk að miðla upplýsingum, taka á álitamálum og stuðla að lausn mála sem upp kunna að koma. Samskipti geta farið fram í formi fundarboða, viðtala, tölvupósta eða símtala og er mikilvægt að þau séu skýr, regluleg og byggð á gagnkvæmu trausti. Um þessi samskipti gildir eftirfarandi:

## Tölvupóstur

- Tölvupóstar ættu fyrst og fremst að vera notaðir til að hrósa, miðla upplýsingum, spyrjast fyrir um hagnýt mál. Viðkvæm eða persónuleg málefni skulu rædd beint við kennara eða skólastjórnendur.
- Kennarar lesa ekki tölvupóst á kennslutíma, en þeir leitast við að svara tölvupóstum eins fljótt og auðið er, venjulega innan tveggja virkra daga.
- Almennt er ekki gert ráð fyrir að kennarar taki við né svari tölvupóstum utan vinnutíma.
- Notið hvorki tölvupósta né símtöl til skólans ef þið eruð reið eða í ójafnvægi. Leitist við að ræða málin af yfirvegun og fá kennara með í lausnaleit - við erum samstarfsfús og þekkjum til margvíslegra leiða og úrræða.
- Tölvupóstar teljast til opinberra gagna og eru varðveittir í skjalasafni skólans.

- Ef erindi er brýnt er öruggast að hafa samband við skrifstofu skólans í síma 441-3200 eða senda tölvupóst á skrifstofuna salaritari@kopavogur.is.

## Símar og samskipti

- Kennarar svara ekki í síma né taka við skilaboðum i síma meðan á kennslu stendur.
- Brýn erindi skulu fara í gegnum ritara skólans, sem getur komið á símtali eða fundi.
- Foreldrar eru beðnir um að hafa ekki samband við kennara í síma utan dagvinnutíma.

## Samfélagsmiðlar

- Foreldrar eiga ekki undir neinum kringumstæðum að senda kennurum skilaboð á samfélagsmiðlum.
- Forðist að setja upplýsingar um hegðun eða viðkvæm málefni barna á árgangasíður á facebook - notið þær heldur til að ræða afmæli og sameiginlegar reglur og skemmtilega viðburði sem tengjast árganginum. Þar er líka varasamt að nafngreina börn eða foreldra þeirra, sérlega þegar um neikvæð orðaskipti er að ræða.

## Skrifstofa og heimsóknir foreldra/forráðamanna

Foreldrar eru hvattir til að leita aðstoðar hjá ritara skrifstofunnar sem hefur m.a. það hlutverk að taka á móti foreldrum og leiðbeina þeim. Foreldrum er gefinn kostur á að kynna sér daglegt starf barna sinna í skólanum, en heimsóknir í kennslustofur skulu ávallt fara fram í samráði og með samþykki viðkomandi kennara. Þurfi foreldrar að koma einhverju til skila til barna sinna á skólatíma, svo sem nesti eða íþróttafötum, er þeim bent á að leita aðstoðar á skrifstofu skólans eða hjá skólaliðum. Ekki er heimilt að fara inn í kennslustofur á meðan kennsla stendur yfir nema með leyfi kennara.

Foreldrum/forsjáraðilum ber að tilkynna forföll nemenda á skrifstofu skólans sem allra fyrst að morgni með símtali, veikindaskráningu í gegnum Mentor eða í tölvupósti til ritara, salaritari@kopavogur.is. Einungis á að nýta forfallaskráningar möguleikann í Mentor ef um veikindi er að ræða. Ef veikindi eða forföll vara lengur en einn dag skal tilkynna þau daglega.

Beiðni um leyfi nemenda frá skólasókn skal berast frá foreldrum/forsjáraðilum. Umsjónarkennarar/ritari afgreiða beiðni um leyfi í einn dag. Ef sækja þarf um leyfi fyrir tvo daga eða fleiri fer það í gegnum Þjónustugátt Kópavogs þar sem forsjáraðilar skrá sig inn með rafrænum skilríkjum. Leiðbeiningar má finna hér. Foreldrar/forsjáraðilar bera ábyrgð á að nemendur vinna upp það sem þeir kunna að missa úr námi meðan á leyfi stendur, sbr. 15. gr. laga um grunnskóla nr. 91/2008. Kópavogsbæjar er með ákveðið verklag í grunnskólum vegna ófullnægjandi skólasóknar sem finna má hér.

## Hlutverk foreldrafélags Salaskóla og bekkjarfulltrúa

Í Salaskóla starfar öflugt foreldrafélag, þar sem allir foreldrar og forráðamenn nemenda eru sjálfkrafa félagar. Meginmarkmið þess er að efla samstarf milli foreldra og skólans og stuðla að velferð nemenda í leik og námi. Starf félagsins byggist á skipulögðu samstarfi foreldra í hverjum árgangi og skólans í heild.

Foreldrafélag Salaskóla vinnur að því að styrkja samvinnu foreldra og skóla með það að markmiði að styðja við vellíðan og þroska nemenda. Félagið stendur fyrir viðburðum og verkefnum sem stuðla að jákvæðri skólamenningu og samheldni í skólasamfélaginu.

Jafnframt starfar foreldrafélagið í nánu samstarfi við skólastjórnendur og skólaráð til að tryggja að sjónarmið foreldra séu höfð í huga við stefnumótun skólans. Sérstök áhersla er lögð á öryggi, velferð og nám allra nemenda. Með sterkum tengslum við nærsamfélagið og virku samtali við foreldra styður félagið áfram við farsælt skólastarf Salaskóla. Fundargerðir foreldrafélags Salaskóla má finna á heimasíðu skólans.

Tveir bekkjarfulltrúar koma úr hverjum árgangi og er hlutverk þeirra m.a. að halda utan um félagslegt bekkjarstarf í samráði við kennara og aðra foreldra í árganginum.

Einnig hvetja þeir til þátttöku annarra foreldra í starfi foreldrafélagsins sem og mæta á aðalfund félagsins.

### Hlutverk skólaráðs

Skólaráð fjallar um og gefur umsögn til skólans og skólanefndar um skólanámskrá og aðrar áætlanir sem varða skólahaldið og fylgist með að áætlanir séu kynntar foreldrum. Skólastjóri starfar með skólaráði og veitir því upplýsingar um starfið í skólanum. Ráðið fundar að jafnaði 5-7 sinnum yfir skólaárið með skólastjórnendum og eru fundargerðir þess aðgengilegar á heimasíðu skólans og hér.

Skólaráð er skipað 2 fulltrúum foreldra, 2 fulltrúum nemenda, 2 fulltrúum kennara, 1 fulltrúa annarra starfsmanna skólans, 1 fulltrúa grenndarsamfélagsins auk skólastjóra og aðstoðarskólastjóra sem er ritari og áheyrnarfulltrúi.

## Samstarf leikskóla og framhaldsskóla

Í Salahverfi eru tveir leikskólar reknir af Kópavogsbæ; Fífusalir og Rjúpnahæð. Samstarf er við þá báða á ýmsum sviðum. Unnið er markvisst að því að gera börnum auðvelt að fara úr leikskólunum í Salaskóla og heimsækja 5 ára nemendur leikskólana skólann. Í byrjun maí er tilvonandi 1. bekkingum boðið að koma í sérstakan vorskóla þar sem þeim gefst kostur á að hitta og kynnast þeim kennurum sem koma til með að kenna þeim fyrsta árið í skólanum. Leikskólarnir eru með sumarskóla í júní í húsnæði Salaskóla og frístund Salaskóla er með sumardvöl fyrir verðandi nemendur skólans í tvær vikur fyrir skólasetningu. Markmið þessa fyrirkomulags er að gera skólabyrjun barnanna í Salaskóla auðvelda og vinalega.

Salaskóli á í samvinnu við Menntaskólann í Kópavogi sem býður 10. bekkingum m.a. upp á staðnám í stærðfræði og tungumálum. Auk þessa geta nemendur tekið framhaldsskólaáfanga í fjarnámi í t.d. Ármúlaskóla eða Verslunarskólanum.

## Skólabragur og skólareglur

Skólabragur og skólareglur endurspegla þá menningu og þau gildi sem móta daglegt líf í Salaskóla. Mikil áhersla er lögð á að skapa öruggt, jákvætt og uppbyggilegt

námsumhverfi þar sem nemendur, starfsfólk og foreldrar bera sameiginlega ábyrgð á góðum samskiptum og virðingu í hvívetna.

Viðhorf til náms og samskipta eru grunnur að árangursríku skólastarfi, og því gegna skólareglur mikilvægu hlutverki í því að tryggja velferð, öryggi og vellíðan allra í skólasamfélaginu. Í kaflanum hér á eftir er fjallað bæði um þá menningu sem stuðlar að góðum skólabrag og þær reglur sem styðja við heilbrigt og farsælt skólastarf.

## Skólabragur

Í Salaskóla er lögð rík áhersla á að skapa jákvæðan og uppbyggilegan skólabrag þar sem hagsmunir og vellíðan nemenda eru í forgrunni. Kennsluhættir og viðhorf sem móta skólamenninguna vega þar þungt. Í anda *Uppeldis til ábyrgðar* eru samskipti og lausn ágreiningsmála byggð á virðingu, ábyrgð og sanngirni. Litið er á mistök sem tækifæri til vaxtar og unnið er að lausnum í samstarfi við nemendur og foreldra þannig að allir gangi sáttir frá borði.

Í kennslu er lögð áhersla á styrkleika og ólíkar greindir nemenda, og sveigjanleiki í námi og stoðkerfi skólans tryggir að hver og einn fái að blómstra.

Góðir mannasiðir, jákvæð samskipti og hlustun eru hornsteinar samskipta í skólanum. Við leggjum áherslu á að allir aðilar skólasamfélagsins – nemendur, foreldrar og starfsfólk – séu virkir þátttakendur í því að rækta sterkan og hvetjandi skólabrag.

Dæmi um viðburði sem styðja við jákvætt skólalíf eru m.a. góðgerðarhlaup, fjölgreindaleikar, þemadagar og skólaþing nemenda.

## Skólareglur

Skólareglur Salaskóla styðja við jákvæðan skólabrag og öruggt námsumhverfi. Þær byggja á gagnkvæmri virðingu, kurteisi og ábyrgð allra í skólasamfélaginu. Markmið reglnanna eru:

- Að nemendur geti notið hæfileika sinna og verið öruggir í skólastarfi.
- Að efla ábyrgð nemenda á eigin námi, hegðun og samskiptum.
- Að viðhalda góðum starfsanda og vellíðan allra.

- Að efla samstarf heimila og skóla með gagnkvæmu trausti og virðingu.
- Að stuðla að námsaga með mannréttindum, jafnrétti og lýðræðislegum vinnubrögðum.

**Helstu atriði skólareglna:**

- Nemendur skulu sýna virðingu í samskiptum og koma vel fram.
- Nemendur hlýða starfsfólki skólans og taka leiðbeiningum þess.
- Vinna skal að námi af kostgæfni og leggja sig fram.
- Foreldrar bera ábyrgð á að nemendur mæti stundvíslega og tilkynni veikindi/leyfi.
- Umsókn um leyfi fer fram skv. verklagi (umsjónarkennari/skólastjóri).
- Fari nemandi heim vegna veikinda skal það tilkynnt skrifstofu, annars telst það óheimil fjarvera.
- Ganga skal vel um skólann og allar eigur hans.
- Vímuefni, ofbeldi og líkamlegt eða andlegt áreiti eru stranglega bönnuð.
- Notkun farsíma og raftækja í kennslu er aðeins heimil með leyfi kennara.
- Mynd- og hljóðupptökur eru aðeins leyfðar með sérstöku leyfi.
- Nemendur í 1.–7. bekk fara daglega í útivist og þurfa að mæta klæddir í samræmi við það.
- Hreyfingartæki (hjól o.þ.h.) eru bönnuð á skólalóð á skólatíma.
- Nemendur skulu neyta holls nestis og ekki er leyfilegt að neyta gosdrykkja, orkudrykkja eða sælgætis á skólatíma.
- Sérreglur einstakra bekkja eru heimilar ef þær eru í samræmi við skólareglur.

Skólareglurnar gilda hvar sem nemendur eru á vegum skólans. Reglurnar eru ræddar reglulega með nemendum og kennarar leiðbeina þeim um væntanlega hegðun og ábyrgð í skólastarfi.

## Viðbrögð við brotum á skólareglum

Í Salaskóla er lögð áhersla á uppbyggilega nálgun þegar nemendur brjóta skólareglur. Tilgangurinn er að draga úr endurteknum brotum með skýrum leiðbeiningum, stuðningi og ábyrgð. Fyrsta skref er alltaf að ræða við nemandann og leita orsaka hegðunar. Ef ekki verður breyting til batnaðar er leitað aðstoðar

skólastjórnenda og stoðþjónustu. Í alvarlegum tilvikum er málið fært til mennta- eða velferðarsviðs Kópavogsbæjar.

Viðbrögð eru flokkuð eftir alvarleika brots:

**Flokkur 1 – Væg brot**
Dæmi: rifrildi, hávaði, þras, ganga illa um, fara út af skólalóð
*Viðbrögð:* Tiltal og leiðbeiningar frá kennara.

**Flokkur 2 – Meðalalvarleg brot**
Dæmi: ókurteisi, særandi orð, óhlýðni, stríðni, ósannsögli
*Viðbrögð:* Kennari skráir atvik og hefur samband við foreldra. Ef hegðun breytist ekki, er boðað til fundar. Í alvarlegri tilfellum má vísa nemanda tímabundið úr kennslu og ræða málið með skólastjórnanda eða ráðgjafa.

**Flokkur 3 – Alvarleg brot**
Dæmi: ofbeldi, einelti, hótanir, skemmdarverk, fíkniefni, þjófnaður
*Viðbrögð:* Málið er tafarlaust fært til skólastjórnenda. Það er jafnframt tekið fyrir í nemendaverndarráði og getur leitt til tilkynningar til yfirvalda. Skólastjóri getur vísað nemanda úr skóla samkvæmt lögum nr. 91/2008.

Nemendur og forráðamenn bera ábyrgð á tjóni sem nemendur valda.

## Síma- og spjaldtölvunotkun

Í Salaskóla eru skýrar reglur um notkun raftækja:

- **1.–7. bekkur:** Símar geymdir í tösku, bannaðir í kennslu og frímínútum.
- **8.–10. bekkur:** Símanotkun heimil í frímínútum nema í matartíma, á salernum eða íþróttahúsum. Ekki má mynda án leyfis.
- **Spjaldtölvur:** Eingöngu námstæki, notkun í kennslu undir stjórn kennara. Tækin skulu vera hljóðlaus og geymd lokað þegar þau eru ekki í notkun.

Nemendur bera ábyrgð á eigin tækjum og foreldrar geta óskað eftir að tæki verði geymd í skóla ef nemandi sýnir ekki ábyrgð í notkun.

## Reglur í matartíma

Markmið: Róleg og uppbyggileg máltíð með góðum borðsiðum.

- Nemendur fara í röð þegar þeir koma í matsalinn og bíða rólegir eftir að röðin komi að þeim.
- Nemendur fá hæfilegan skammt á sinn disk og fá sér sjálfir grænmeti af salatbarnum á diskinn. Ganga svo rólega með matinn til sætis.
- Ef nemandi vill fá meira að borða fer hann aftur í röðina með diskinn sinn. Tveir skammtar er flestum nemendum nóg ef þeir hafa skammtað sér hæfilega.
- Matartíminn á að vera róleg stund. Þar eiga allir að tala með inniröddinni við þá sem sitja nálægt.
- Ekki má vera með spjaldtölvur eða síma í matsal á matartíma.
- Nemendur sýna góða borðsiði og ganga snyrtilega um matinn sinn. Þeir eiga að leggja sig fram við að gera matartímann að ánægjulegri stund.
- Nemendur ganga frá eftir sig, þurrka af borðinu og fara með diska, hnífapör og glös á vagninn.
- Ef nemandi finnur aðskotahlut í matnum sínum á hann að láta starfsmann vita strax sem kemur þeim boðum til kokksins. Kokkurinn kannar hvaðan sá aðskotahlutur kemur og gerir viðeigandi ráðstafanir ef rekja má hann til eldhússins. Ef hann kemur frá birgja á tafarlaust að hafa samband við hann og gera honum viðvart.
- Þegar nemendur eru búnir að borða þakka þeir starfsfólki eldhússins fyrir sig. Ef einhverjum líkar ekki maturinn, segir hann t.d. „Þessi matur fellur ekki að mínum smekk“ í stað þess að tala um vondan mat.
- Ef einhver gleymir reglum eiga aðrir nemendur að hjálpa honum að muna eftir þeim.
- Nemandi sem hagar sér illa í matsal fær aðstoð hjá foreldrum sínum til að sýna góða borðsiði og fara eftir reglum

**Punktakerfi í 8.–10. bekk**

Punktakerfið miðar að því að efla ábyrgð, ástundun og góða hegðun. Nemendur byrja með einkunn 10 sem lækkar við ákveðin brot:

| Brot | Punktar |
|---|---|
| Seinkomur | 1 |
| Óheimil fjarvera | 2 |
| Skilar ekki heimavinnu / mætir ekki með hana | 1 |
| Óvirkni / truflun / óhlýðni | 1 |
| Brot á reglum í íþróttum | 1 |

- Punktar eldri en viku verða ekki afskrifaðir nema með samningi.
- Punktalaus vika lækkar punktastöðu um tvo punkta.
- Punktastaða birtist í vitnisburði janúar og júní.

Foreldrar og nemendur bera sameiginlega ábyrgð á því að fylgjast með punktastöðu í Mentor.

# Áætlanir

Áætlanir sem gerðar eru að kröfu í grunnskólum gegna lykilhlutverki í að tryggja faglegt, heildstætt og öruggt skólastarf. Þær skapa sameiginlegan ramma utan um daglegt starf og styðja við mikilvægar ákvarðanir sem teknar eru í þágu nemenda, starfsfólks og skólans í heild. Með skýrum áætlunum er unnið markvisst að því að efla vellíðan, lýðræði, jafnrétti og gæði náms. Þær eru ekki einungis formsatriði heldur lifandi vinnuskjöl sem endurspegla stefnu og sýn skólans og veita starfsfólki leiðsögn, stuðning og festu í fjölbreyttum aðstæðum. Góð áætlanagerð eykur faglegt traust og tryggir að skólinn bregðist við með samræmdum og yfirveguðum hætti – hvort sem um er að ræða daglegar áskoranir eða óvænta atburði.

## Móttökuáætlun

Í þessari áætlun er fjallað um móttöku nýrra nemenda í Salaskóla. Lagt er upp með að tryggja öllum nemendum, óháð uppruna eða tungumáli, jákvæða og faglega móttöku. Greint er frá móttöku 1. bekkinga, annarra nýnema, og sérstaklega þeirra sem hafa annað móðurmál en íslensku. Farið er yfir aðlögunarferli, samskipti við foreldra og mikilvægi upplýsingagjafar. Áhersla er lögð á samræmi, aðgengi og hlýlegt viðmót.

Móttökuáætlun Salaskóla

## Forvarnaráætlun

Forvarnaráætlun Salaskóla er heildstætt skjal sem nær til allra árganga skólans og miðar að því að veita nemendum viðeigandi og vandaða fræðslu um mikilvæg málefni. Markmið hennar er að stuðla að öruggu, uppbyggilegu og jákvæðu skólastarfi þar sem allir nemendur fá fræðslu sem styður við heilbrigðan þroska og styrkir félagsfærni. Jafnframt er lögð áhersla á að efla ábyrgð og hlutverk kennara í skipulögðu og árangursríku forvarnarstarfi.

Forvarnaráætlun Salaskóla

## Eineltisáætlun

Í eineltisáætlun Salaskóla er fjallað um aðgerðir skólans gegn einelti og öðru ofbeldi, sem eru alfarið óásættanleg í Salaskóla. Áætlunin tekur til fyrirbyggjandi starfa, viðbragða við tilkynningum og úrvinnslu eineltismála. Hún lýsir samstarfi milli skólayfirvalda, starfsfólks, nemenda, skólaráðs og foreldrafélags til að tryggja öruggt og virðingarfullt umhverfi fyrir alla. Áætlunin inniheldur skilgreiningu á einelti, aðferðir við að bæta öryggi nemenda, og hvernig vinna á með einstök mál til að tryggja farsæla lausn. Markmið áætlunarinnar er að stuðla að því að nemendur finni til öryggis og viti að þeir fái stuðning og aðstoð þegar þörf er á.

Eineltisáætlun Salaskóla

## Rýmingaráætlun

Í Salaskóla er til staðar rýmingaráætlun sem tekur gildi ef upp kemur eldsvoði eða önnur atvik sem krefjast tafarlausrar rýmingar skólahúsnæðisins. Markmið áætlunarinnar er að tryggja örugg og skjót viðbrögð allra innan skólans. Á hverju hausti fara umsjónarkennarar yfir áætlunina með nemendum og æfa viðbrögð í bekknum. Þá er einnig framkvæmd sameiginleg rýmingaræfing fyrir alla nemendur og starfsmenn skólans þar sem farið er eftir fyrirfram ákveðnu verklagi. Með reglulegri þjálfun er tryggt að allir þekki hlutverk sitt og viti hvernig bregðast skuli við í neyðartilvikum.

Rýmingaráætlun Salaskóla

## Viðbragðsáætlun vegna óveðurs

Í Salaskóla er öryggi nemenda og starfsfólks ávallt í forgangi. Skólinn fylgir samræmdri viðbragðsáætlun þegar óveður er yfirvofandi eða skyndilega skellur á. Hún byggir á leiðbeiningum frá Slökkviliði höfuðborgarsvæðisins (SHS), Veðurstofu Íslands og almannavörnum. Foreldrar gegna mikilvægu hlutverki í að meta aðstæður, fylgjast með tilkynningum og upplýsa skólann ef veður hamlar skólasókn. Tilkynningar eru miðlaðar í gegnum opinbera miðla og vefsvæði SHS, lögreglu og skólans sjálfs.

Viðbragðsáætlun Salaskóla vegna óveðurs

## Viðbragðsáætlanir vegna válegra atvika

Salaskóli er undirbúinn til að bregðast faglega og markvisst við ef vá ber að dyrum. Öryggisteymi skólans er kallað saman strax að beiðni skólastjóra til að samhæfa viðbrögð og veita stuðning. Skólinn fylgir leiðbeiningum almannavarna og embættis landlæknis þegar kemur að jarðskjálftum, eldgosum og veikindafaröldrum. Kennarar fara reglulega yfir öryggisleiðbeiningar með nemendum og æfa viðbrögð svo tryggt sé að allir viti hvað gera skal komi til neyðaraðstæðna. Markmiðið er skýrt: að gæta öryggis og vellíðun allra í skólasamfélaginu.

Viðbragðsáætlun Salaskóla vegna válegra atvika

## Jafnréttis- og mannréttindaáætlun

Markmið jafnrétti- og mannréttindaráætlunar Salaskóla er að tryggja jafna stöðu, réttindi og virðingu allra nemenda og starfsfólks, óháð kyni, kynhneigð, kynvitund, fötlun, þjóðerni, trú, uppruna, aldri, félagslegri stöðu eða öðrum persónueinkennum. Áætlunin er samofin daglegu skólastarfi og gildir í allri starfsemi skólans.

Stefna Salaskóla er að öll samskipti og allt skólastarf byggist á virðingu, jafnrétti og mannréttindum. Hver einstaklingur — nemandi eða starfsmaður — skal metinn út frá eigin styrkleikum og forsendum. Þannig nýtist mannauðurinn sem best og skapað er réttlátt, fjölbreytt og styðjandi skólaumhverfi. Kynbundin mismunun og önnur mismunun, í hvaða formi sem er, er óheimil og tekin alvarlega.

Jafnréttis- og mannréttindaáætlun Salaskóla er í samræmi við jafnréttisáætlun Kópavogsbæjar.

Jafnréttis- og mannréttindaáætlun Salaskóla

## Áfallaáætlun

Í skólastarfi geta komið upp erfiðir atburðir sem hafa áhrif á nemendur, starfsfólk og aðstandendur. Áfallaáætlun Salaskóla miðar að því að tryggja markviss og samræmd viðbrögð þegar slíkar aðstæður koma upp. Lögð er áhersla á að veita skjótan stuðning, skýra upplýsingamiðlun og hlýlegt, faglegt viðmót. Með góðri undirbúningsvinnu og skýrum verkferlum stuðlar skólinn að öryggi, vellíðan og samstöðu í skólasamfélaginu – jafnvel á erfiðum tímum.

Áfallaáætlun Salaskóla